

Jafnræðisstefna Umhverfisstofnunar

Stefna

Stefna Umhverfisstofnunar er að gæta skuli fyllsta jafnræðis milli karla og kvenna og að hver starfsmaður sé metinn að eigin verðleikum óháð aldri, kynferði, kynhegðun, kynþætti, þjóðerni, fötlun, trúar- eða stjórnmálaskoðunum. Kynbundin mismunur er óheimil, í hvaða formi sem hún birtist. Jafnræðisstefna þessi tekur mið af lögum nr. 69/2000 um jafna stöðu kvenna og karla.

Jafnræðisnefnd

Innan stofnunarinnar starfar jafnræðisnefnd og eru í henni 4 fulltrúar, 2 úr hópi starfsmanna og 2 úr hópi stjórnenda og skal hún samanstanda af 2 konum og 2 körlum. Hlutverk nefndarinnar er að fylgja því eftir að jafnræðisstefnu sé framfylgt og vera ráðgjafi starfsmanna og yfirstjórnar í jafnræðismálum. Jafnræðisnefnd skal hafa yfirsýn yfir lög og reglur stjórnvalda um jafnréttismál kynjanna og fylgjast með breytingum á þeim. Jafnræðisnefnd skal sjá til þess að jafnræðisstefna stofnunarinnar verði endurskoðuð reglulega.

Markmið

- Að staða karla og kvenna hjá Umhverfisstofnun sé jöfn.
- Að starfsfólk hafi jafna möguleika til starfa og starfsframa, sí- og endurmenntunar.
- Að við ákvörðun launa, fríðinda og annarra kjara skal þess gætt að starfsfólki sé ekki mismunað.
- Að tryggja starfsfólki sambærilega starfsaðstöðu.
- Að koma á sveigjanlegum vinnutíma og að starfsfólk eigi kost á hlutastörfum eða annarri hagræðingu eftir því sem við verður komið.
- Að hvetja starfsfólk til jákvæðs persónumats.
- Að yfirfara ráðningarferli og byggja upp hvetjandi ferli þegar nýtt fólk sækir um starf.
- Gera vinnustaðinn eftirsóknarverðan og fjölskylduvænan.

Framkvæmd

- Allar áætlanir taki mið af sjónarmiðum beggja kynja eins og kostur er.
- Jafnræðisstefnan verði hluti af starfsmannastefnu stofnunarinnar.
- Konur og karlar njóti sömu launa og kjara fyrir sambærilega frammistöðu í samskonar störfum.
- Feður verði hvattir til að taka sér það feðraorlof sem þeir eiga rétt á og að þeir verði heima hjá veikum börnum til jafns við mæður.
- Gefinn verði kostur á tímabundnum hlutastörfum vegna fjölskyldu- og heimilisaðstæðna eins og unnt er.
- Við úthlutun ábyrgðar og verkefna og skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum stofnunarinnar skal tilnefna hæfasta einstaklinginn og miði að því að hlutfall karla og kvenna sé jafnt.
- Gildandi jafnræðisstefna skal kynnt nýjum starfsmönnum þegar þeir hefja störf hjá stofnuninni.
- Í auglýsingum um störf skal koma fram að við ráðningar sé tekið mið af jafnræðisstefnu.

Áreitni/einelti

Komið skal fram við alla starfsmenn af virðingu. Einelti og kynferðisleg áreitni líðst ekki og starfsmenn sem verða fyrir slíkri framkomu hafa rétt til að kæra viðkomandi háttsemi.